

149. löggjafarþing 2018–2019.  
Þingskjal 598 — 1. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar (Birgð).

*Breytingar á sundurliðun 1:*

1. Liðurinn 111.1.0 *Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla* lækki um 1.100 m.kr.
2. Liðurinn 141.2.2 *Arðgreiðslur frá innlendum aðilum* hækki um 1.100 m.kr.

### Greinargerð.

Lagt er til að heimildarákvæði til nýtingar séreignarsparnaðar til íbúðarkaupa og niðurgreiðslu íbúðarlána, sem á að renna út um mitt næsta ár, verði framlengt um tvö ár frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur ríkisbankanna hækki um sömu fjárhæð.